

72

7. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Í stað 23. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, komi tvær gr., er verða 23. og 24. gr. og orðast svo:

- a. (23. gr.). Eftirlit með vélum og verksmiðjum er undir yfirumsjón atvinnumálaráðherra, er skipar skoðunarstjóra og ákveður kaup hans og setur honum erindisbréf.

Ennfremur skipar atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum skoðunarstjóra, aðstoðarskoðunarmenn í kaupstöðum, þar sem þess er þörf. Skulu þeir hafa á hendi vandalitlar skoðanir, sérstaklega þar sem þeir eru búsettir og í nágrenni, eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi. Skal þar ákveða, að þeir fái að þóknun fyrir starfa sinn tiltekinn hluta skoðunargjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða.

Skoðunarstjóri fær greiddan úr ríkissjóði skrifstofukostnað og ferðakostnað samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum.

Skoðunarmenn skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji inna starf sitt af hendi samvizkusamlega.

- b. (24. gr.). Eigendur skoðunarskyldra atvinnufyrirtækja greiða árlega í ríkissjóð skoðunargjald af vélum og eimkötlum samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjöld, en í Reykjavík tollstjóri. Skoðunargjald má taka lögtaki.

Kostnað við yfirskoðun greiðir beiðandi að öllu leyti. Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.